

## Ársfundur

**Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, þriðjudaginn 5. maí 2026 og hófst hann kl. 15:00.**

Fundurinn var opinn öllum sjóðfélögum lífeyrissjóðanna og hafði verið auglýstur á opinberum vettvangi, m.a. í Morgunblaðinu þann 20. apríl 2026. Fundarfólk var í kringum fjörutíu talsins. Ársreikningi var dreift til fundarmanna á fundinum.

Jökull Heiðdal Úlfsson, formaður stjórnar LSR setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Hann tilnefndi Harald Gunnar Halldórsson, lögfræðing hjá LSR, í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Harald Gunnar Halldórsson tók við fundarstjórn, þakkaði traustið og tilnefndi Völu Rebekku Þorsteinsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda. Fundarstjóri vakti athygli fundarfólks á að fundurinn væri í beinu streymi á netinu og hægt væri að koma spurningum til fundarins með skriflegum hætt í gegnum netslóð sem birt var á skjánum. Uptaka af fundinum verði gerð aðgengileg á heimasíðu sjóðsins. Þá gerði fundarstjóri grein fyrir boðun fundarins og lýsti því yfir að um lögmeða boðun í samræmi við ákvæði samþykktu sjóðsins væri að ræða.

### 1. Ávarp formanns stjórnar LSR

Jökull Heiðdal Úlfsson, formaður stjórnar LSR flutti ávarp stjórnarformanns og var það svohljóðandi:

„Afkoma LSR á árinu 2025 var ágæt við talsvert erfiðar aðstæður á mörkuðum, bæði hér heima og erlendis. Raunávöxtun sjóðsins í heild var 2,7% og jukust eignir sjóðsins um rúma 107 milljarða króna. Heildareignir sjóðsins hafa aldrei verið jafn miklar, eða um 1.664 milljarðar króna við síðustu áramót. Til að setja stærð eignasafnsins í samhengi má nefna að það samsvarar rétt um þriðjungi af landsframleiðslu Íslands á síðasta ári. Megindeild sjóðsins, A-deild, heldur áfram að vaxa hratt og er ánægjulegt að geta þess að tryggingafræðileg staða hennar var jákvæð sem nemur 0,8% í lok árs og var því jákvæð annað árið í röð.

Þá fjölgar þeim enn sem greiða iðgjöld til sjóðsins en virkir sjóðfélagar voru um 32.000 á síðasta ári. Á árinu 2025 greiddi LSR rúmlega 117 milljarða króna í lífeyris- og séreignargreiðslur, eða tæplega 10 milljarða króna á mánuði að meðaltali, sem sýnir vel hversu umfangsmikil starfsemi sjóðsins er, ekki bara fyrir sjóðfélaga, heldur efnahagslífið í heild.

#### *Ólga á erlendum mörkuðum*

Tæplega helmingur eigna LSR er fjárfestur á erlendum verðbréfamörkuðum. Í umfangsmiklu eignasafni eykur það eigna- og áhættudreifingu að fjárfesta utan landsteinanna en fjölgar um leið áhættupáttum í starfsemi sjóðsins. Þannig geta til dæmis pólitískur óstöðugleiki á heimsvísu og sveiflur í gengi krónunnar haft töluverð áhrif á ávöxtun hverju sinni. Á síðasta ári styrktist krónan til að mynda um hátt í 10% gagnvart bandaríkjadollar, sem er helsta uppgjörsmýnt erlendra eigna sjóðsins, og dró það töluvert úr ávöxtun sjóðsins af erlendum eignum í krónum talið. Þannig geta til dæmis pólitískur óstöðugleiki á heimsvísu og sveiflur í gengi krónunnar haft töluverð áhrif á ávöxtun hverju sinni.

Árið 2025 var sannkallað umbrotaár, sér í lagi þegar horft er til alþjóðamála og erlendra markaða. Ekkert lát var á stríðsátökum í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs en í kjölfar forsetaskipta í Bandaríkjunum í upphafi árs jókst óvissustigið, bæði í alþjóðastjórnarmálum og á fjármálamörkuðum. Óútreiknanlegar ákvarðanir um álagningu tolla í millríkjaviðskiptum ollu miklu flókti á fjármálamörkuðum og hafa haft aukinn kostnað í för með sér, sem hefur ýtt undir verðbólgu um allan heim. Þá sköpuðu yfirlýsingar ráðamanna í Bandaríkjunum um mögulega

yfirtöku Grænlands í óþökk Evrópuríkja verulega óvissu um samskipti vestrænna þjóða undir lok síðasta árs.

Þótt öldurnar hafi lægt hvað Grænland varðar hefur óvissuástandið síst lagast það sem af er þessu ári. Með hernaði sínum í Íran hafa bandarísk stjórnvöld kallað fram miklar hækkanir á heimsmarkaðsverði á olíu og þar með aukið enn á óvissu í alþjóðamálum og alþjóðaviðskiptum. Sá stöðugleiki sem einkennt hefur alþjóðlegt fjárfestingaumhverfi á undanförunum árum hefur vikið fyrir stórauðni valdabrótti stórvelda og standa horfur til að áfram verði róstudamt í heiminum næstu misserin. Það er því ljóst að pólitísk áhætta á fjármálamörkuðum hefur aukist og fyrir LSR er nauðsynlegt að líta til þess við áhættudreifingu eignasafns sjóðsins.

Fleiri blikur eru á lofti vestanhafs, því þar hafa skuldir hins opinbera vaxið hratt auk þess sem ávöxtun á fjármálamörkuðum síðustu misserin hefur að miklu leyti verið drifin af fáum, stórum tæknifyrirtækjum í tengslum við þróun og uppbyggingu gervigreindar. Þar með eykst áhættustigið á bandarískum fjármálamarkaði, sem kemur til viðbótar við pólitísku áhættuna.

Í ljósi þessara áhættuþátta eru bandarískar eignir nokkuð undirvigtaðar í eignasafni sjóðsins um þessar mundir og ekki er útlit fyrir að breyting verði þar á í bráð.

Bandarískur hlutabréfamarkaður myndar ríflega 70% af heimsvísitölu hlutabréfa og bandarískjadóllar er mikilvægasta viðskiptamynt heimsins. Þar af leiðandi eru bandarískar eignir töluverður hluti eignasafns LSR. Í ljósi ofangreindra áhættuþátta eru bandarískar eignir nokkuð undirvigtaðar í eignasafni sjóðsins um þessar mundir og ekki er útlit fyrir að breyting verði þar á í bráð.

#### *Mikilvægt að rýmka reglur um fjárfestingar*

Það þar helst til tíðinda á innlendum vettvangi hjá LSR að á síðasta ári náðist sátt um slit ÍL-sjóðs, sem er mikið fagnaðarefni. Miklir hagsmunir voru undir fyrir bæði lífeyrissjóði og ríkissjóði og því skipti höfuðmáli að leiða málið til farsællar niðurstöðu.

Á síðasta ári áttu lífeyrissjóðir og stjórnvöld í góðu samtali um endurskoðun á fjárfestingarheimildum sjóðanna. Markmið þeirrar vinnu er að einfalda regluverkið, draga úr magnbundnum takmörkunum og auka vægi skynsemisreglu við mat á fjárfestingum. Um mikið hagsmunamál er að ræða fyrir lífeyrissjóðina og sjóðfélaga þeirra, enda er þeim sniðinn þröngur stakkur í núgildandi kerfi miðað við hversu umfangsmiklar eignir þeirra eru orðnar. Lagafrumvarp byggt á þessari vinnu er nú til meðferðar á Alþingi og eru bundnar vonir við að það verði samþykkt síðar á árinu.

#### *Langtímafjárfestar þurfa að huga að sjálfbærnimálum*

Árið 2025 markaðist einnig af umtalsverðu bakslagi í sjálfbærnimálum. Vestanhafs hefur markvisst verið dregið úr reglum á þessu sviði eða þær verið felldar úr gildi. Í Evrópu leiddi gagnrýni á sjálfbærnilöggjöf til þess að ESB hefur einfaldað regluverk sitt í þessum efnum. Fyrir lífeyrissjóði snýst þetta ekki aðeins um að hafa jákvæð áhrif á samfélag og umhverfi, heldur fremur um að lágmarka þá áhættu sem fylgir ósjálfbærri starfsemi.

Hér er á ferðinni varhugaverð þróun sem einkennist af skammsýni. Þótt vissulega þurfi að gæta þess að regluverk gangi ekki of langt megum við ekki leggja árar í bát þegar kemur að sjálfbærni. Sem langtímafjárfesti ber okkur skylda til að ganga ekki svo á náttúrulegar eða samfélagslegar auðlindir að það skerði lífsgæði komandi kynslóða.

Fyrir lífeyrissjóði snýst þetta ekki aðeins um að hafa jákvæð áhrif á samfélag og umhverfi, heldur fremur um að lágmarka þá áhættu sem fylgir ósjálfbærri starfsemi. Slík áhætta getur haft veruleg áhrif á fjárhagslegt virði eignasafns LSR til lengri tíma litið. Þar sem sjálfbærniáhætta raungerist gjarnan á löngum tíma er mikilvægt að sjóðurinn greini hana og

bregðist við henni með markvissum hætti, enda styður það við langtímaárangur í fjárfestingastarfsemi hans.

#### *Einfaldari og hagkvæmari séreignarsparnaður*

Á síðasta ári var ráðist í endurskoðun á séreignarþjónustu LSR með það að markmiði að lækka rekstrarkostnað og bjóða sjóðfélögum upp á einfaldari og betri valkosti. Tekin var ákvörðun um að fækka séreignarleiðunum úr fjórum í tvær, þ.e. Verðbréfaleið annars vegar og Innlánaleið hins vegar. Verðbréfaleið tekur mið af fjárfestingarstefnu A-deildar en þannig næst fram samlegð sem eykur skilvirkni við eignastýringu og umsýslu um leið og stefnt er að góðri ávöxtun til lengri tíma. Í Innlánaleið eru fjármunir hins vegar alfarið ávaxtaðir á innlánsreikningum sem lágmarkar sveiflur í ávöxtun.

Með þessu verður séreignarþjónusta LSR með þeim hagkvæmustu á íslenskum markaði hvað varðar rekstrarkostnað. Þegar einnig er horft til þess að LSR tekur hvorki upphafsgjöld né sölulaun, tekur engin aukagjöld af iðgjöldum og engin gjöld ef hætt er að greiða í séreignina, er augljóst að Séreign LSR er afar góður valkostur fyrir sjóðfélaga LSR.

#### *Mikilvæg skref í stafrænni þjónustu*

Undanfarin ár hefur LSR lagt ríka áherslu á þróun stafrænna lausna fyrir sjóðfélaga. Í upphafi var lögð áhersla á innri vinnu í kerfum sjóðsins en sú vinna er nú farin að skila sér í auknum mæli til sjóðfélaga með bættri stafrænni þjónustu. Meðal nýjunga sem kynntar voru til leiks á síðasta ári má nefna uppfærslu á lífeyrisreiknivél þar sem í fyrsta sinn er hægt að reikna áhrif þess að taka hálf eftirlaun eða starfa áfram samhliða eftirlaunatöku auk nýs innskráningarmöguleika á Mínar síður sem nýtist sérstaklega sjóðfélögum erlendis. Þá voru fyrstu umsóknirnar í nýju rafrænu umsóknarkerfi sjóðsins teknar í notkun en þær eru mun einfaldari og þægilegri í notkun en eldri umsóknir. Þjónustukannanir sýna að ánægja sjóðfélaga með rafræna þjónustu LSR hefur aukist umtalsvert.

Enn frekari nýjungar eru svo væntanlegar á þessu ári, enda er rafræn þjónusta sífellt mikilvægari þáttur í þjónustu sjóðsins til sjóðfélaga. Þjónustukannanir sýna að ánægja sjóðfélaga með rafræna þjónustu LSR hefur aukist umtalsvert og er ánægjulegt að sjá hvernig vinna síðustu ára hefur skilað mælanlegum árangri.

Starfsfólk LSR stendur vaktina víðar en í rafrænni þjónustu. Sem dæmi má nefna að á síðasta ári bárust sjóðnum rúmlega 39.000 tölvupóstar, hringt var yfir 13.000 sinnum og heimsóknir í afgreiðsluna við Engjateig voru tæplega 3.700. Verkefnin eru því ærin hjá starfsfólki LSR, sem rækti þjónustuhlutverk sitt í þágu sjóðfélaga af mikilli þryði á árinu.

Ég vil að lokum fyrir hönd stjórnar sjóðsins þakka starfsfólki fyrir framlag þess, auk þess að þakka sjóðfélögum, launagreiðendum og öðrum samstarfsaðilum sjóðsins fyrir gott samstarf.“

Fundarstjóri þakkaði Jökli fyrir og gaf Hörpu Jónsdóttur, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið.

## **2. Kynning á ársreikningi og fjárfestingastefnu**

Harpa Jónsdóttir tók næst til máls og fór í ræðu sinni og kynningu yfir helstu niðurstöður úr ársskýrslu sjóðanna og kynnti breytingar milli ára.

Harpa hóf yfirferð sína með því að fara yfir helstu áfanga í starfseminni sem náð var á síðasta ári.

Þá fór hún yfir umfjöllun um eignir LSR og ávöxtun. Þar kom meðal annars fram að nafnávöxtun LSR á árinu var 6,6% sem jafngildir 2,8% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun var 2,7% samanborið við 7,1% árið 2024. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm ára er 1,3% og meðaltal síðustu tíu ára er 3,8%.

Harpa gerði jafnframt grein fyrir fjárfestingastefnum sjóðanna og helstu upplýsingum um rekstur. Gerðar voru breytingar á fjárfestingaleiðum séreignar á liðnu ári, fækkað úr fjórum í tvær en sjóðfélagar í séreign geta nú valið um tvær leiðir, verðbréfaleið og innlánaleið, Tilgreind séreign sameinast verðbréfaleið Séreignar

Að lokum fjallaði hún um helstu áskoranir framundan, þar á meðal aukna óvissu á alþjóðavettvangi og viðvarandi verðbólgu.

### 3. Breytingar á samþykktum

Harpa Jónsdóttir fór yfir breytingar á samþykktum sem samþykktar voru af stjórn þann 25. mars sl. Breytingarnar, sem eru í samþykktarferli hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, fela í sér annars vegar breytta aðferðafræði við ákvörðun lífeyrisaukaiðgjalds og hins vegar þrjár breytingar í sambandi við örorkulífeyri.

LSR innheimtir lífeyrisaukaiðgjaldið af launagreiðendum sem eru ekki fjármagnaðir að meirihluta af opinberu fé. Iðgjaldið er greitt beint til ríkissjóðs, sem endurgreiðsla, og hefur því ekki nein áhrif á stöðu lífeyrisaukasjóðs eða stöðu A-deildar. Lögð er til ný aðferðafræði við ákvörðun lífeyrisaukaiðgjalds þar sem reikna skal hver viðbót við greitt iðgjald yfir árið hefði þurft að vera, til að jafnast á við lífeyrisauka ársins.

Breytingarnar varðandi örorkulífeyrihafa það að markmiði að stuðla að auknu samræmi á verklagi á milli lífeyrissjóða:

- Metið sé til fyrra starfs í þrjú ár í stað núverandi fimm.
- Örorka vari í að minnsta kosti sex mánuði í stað þriggja.
- Ekki greitt fyrstu þrjá mánuði eftir orkutap samhliða launagreiðslum.

Fundarstjóri þakkaði Hörpu fyrir og gaf Benedikt Jóhannessyni, tryggingastærðfræðingi sjóðsins, orðið.

### 4. Tryggingafræðileg úttekt

Benedikt Jóhannesson tók til máls og fór yfir tryggingafræðilega úttekt á skuldbindingum A- og B deilda LSR.

Í umfjöllun um B-deild kom m.a. fram að áfallin staða deildarinnar, miðað við skuldbindingar, hefði verið neikvæð um 82,5 prósent í árslok. Þá var greint frá því að vísitala sem mælir breytingar á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna hefði hækkað um 10,1% á árinu en eftir því sem laun hækki hraðar þeim mun stærri verði hlutur launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum B-deildar. Benedikt benti jafnframt á að viðbótarframlag ríkisins árið 2025 hefði numið 10,4 ma. kr. og að ljóst væri að slíkt framlag sé ekki nægilegt miðað við forsendur um tryggingafræðilega stöðu. Fyrir liggir að verði framlagið ekki hækkað muni nauðsynlegt árlegt framlag ríkisins aukast verulega eftir örfá ár.

Í yfirferð um stöðu A-deildar kom fram að tryggingafræðileg staða sjóðsins hefði versnað lítillega frá síðasta ári, eða úr því að vera jákvæð um 1,2% í ársbyrjun í að vera jákvæð um 0,8% í árslok. Þessi jákvæða staða væri mjög ánægjuleg og með því betra sem gerðist hjá lífeyrissjóðum almennt.

Að lokum gerði hann grein fyrir stöðu lífeyrisaukasjóðs en á síðasta ári var greitt framlag úr varúðarsjóði í lífeyrisaukasjóð að fjárhæð kr. 7,6 ma.kr. og var staða hans í -6,3% í árslok.

Fundarstjóri þakkaði Benedikt fyrir kynninguna.

### 5. Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri opnaði á umræðu og fyrirspurnir um framangreinda dagskrárliði.

Elsa Bjartmarsdóttir, sjóðfélagi, tók fyrst til máls og spurði hvernig stæði á því að verið væri að fjárfesta erlendis núna þegar ástandið í heiminum væri svona viðsjárvert. Framkvæmdastjóri tók fram að þetta væri góð spurning sem hún væri einnig huggsi yfir. Reyndin væri hins vegar sú að ástandið erlendis hafi einnig áhrif á innlenda hlutabréfamarkaðinn. Sjóðurinn hafi þó brugðist við þessari stöðu með aukinni fjárfestingu í innlendum skuldabréfum en fyrir liggi að ekki sé eingöngu hægt að fjárfesta þar. Hún tók fram að áhættudreifing felist í því að fjárfesta erlendis og að verið sé að horfa 10-20 ár fram í tímann.

Lesnar voru upp þrjár spurningar frá Þorsteini Sæmundssyni, sjóðfélaga, sem komu í gegnum netið:

- Er siðanefnd fjárfestinga starfandi? Ef nei, stendur til að taka hana upp? Ef já, samræmist að eiga hlut í félagi sem selur vín þrátt fyrir ákvæði laga um ríkiseinkasölu?
- Hvernig er háttað vali á stjórnarmönnum í stjórnir fákeppnisaðila á nauðsynjavörumarkaði? Er stjórn LSR sátta við að lífeyrisþegar greiði lífeyri sinn með okurverði fákeppni.
- Stendur til að selja hlut LSR í Högum haldi félagið sölu áfengis þrátt fyrir ákvæði laga um ríkiseinokun?

Í svari framkvæmdastjóra kom fram að ekki sé starfrækt sérstök siðanefnd hjá LSR en sjóðurinn hafi sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar, sem felur í sér skýra umgjörð um samfélagslega ábyrgð og meðferð siðferðilegra álitæfna. Hvað varði að eiga hlut í félagi sem selji áfengi þá fylgisti sjóðurinn vel með þeim málum en ekki sé endalega búið að skera úr lagalegri óvissu og því ekki ástæða til að grípa til aðgerða á þessu stigi.

Varðandi val í stjórnir tók framkvæmdastjóri fram að það sé kosið í þær á aðalfundum félaga og sjóðurinn taki þátt í þeim atkvæðagreiðslum. Fákeppni sé að sjálfsögðu ekki góð. Formaður stjórnar tók í sama streng og undirstrikaði að sjóðurinn fagni allri aukinni samkeppni, en jafnframt að það væri hlutverk stjórnvalda að hafa eftirlit með slíkum málum.

Elsa Bjartmarsdóttir spurði að lokum um hver ástæðan væri fyrir því að lífeyrisgreiðslur hennar úr A-deild hafi hækkað minna en lífeyrisgreiðslur í B-deild. Framkvæmdastjóri hvatti hana til að koma á skrifstofu sjóðsins til að fara yfir hennar mál en einnig benti Anna Björk Sigurðardóttir, sviðsstjóri lífeyrissviðs, á að verðtrygging lífeyris úr þessum deildum væri mismunandi og því eðlilegt að hækkanir væru ekki eins.

Fleiri fyrirspurnir komu ekki fram þegar fundarstjóri leitaði eftir því.

## 6. Önnur mál

Fundarstjóri opnaði á umræðu og fyrirspurnir um önnur mál sem fundarfolk vildi mögulega vekja máls á.

Elsa Bjartmarsdóttir beindi því til sjóðsins að kaupa næst betri veitingar en pönnukökur þær sem voru í boði.

Ekki báðu fleiri um orðið.

Glærुकyninging og upptaka af fundinum verður aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð fundar til að ganga frá fundargerð og sagði fundarstjóri fundi slitið kl. 16:30.